

Stjórn SORPU bs.

Reykjavík 20.01.2016

V / móttöku á raf- og raeindatækjaúrgangi

Á haustdögum 2014 bauð SORPA bs. út móttöku, endurvinnslu og förgun á raf- og rafeindatækjaúrgangi. Eitt tilboð barst, frá Efnamóttökunni hf. og var því tekið. Samningurinn var gerður til eins árs þ.e.a.s. fyrir árið 2015. Í september 2015 var ákveðið að óska framlengingar á samningi við Efnamóttökuna (sjá stjórnarfund SORPU bs., nr. 353, dags. 7. sept) og var munnlega gengið frá því við Efnamóttökuna.

Á síðasta ári (2015) hefur heimsmarkaðsverð á brotajárni og málmum hriðfallið þ.a. verð sem Efnamóttakan hefur fengið fyrir afurðirnar hefur lækkað verulega. Til að vinna þetta upp óskaði Efnamóttakan eftir því við stjórn Úrvinnslusjóðs að úrvinnslugjald yrði hækkað og var borið við lækkandi verði á málmum og hækkandi innlendum kostnaði vegna launahækkana. Stjórn Úrvinnslusjóðs varð ekki að fullu við óskum Efnamóttökunnar um hækkun úrvinnslugjalds og tilkynnti Efnamóttakan SORPU að ekki gæti verið um óbreyttan samning að ræða. Fyrsta boð Efnamóttökunnar var þannig að SORPA fengi greiddar um 800 þús kr./ári í stað tæplega 33 milljóna kr./ári. Eftir viðræður við Efnamóttökuna var niðurstaðan sú að SORPA tæki á sig 2/3 tapsins en Efnamóttakan 1/3 og skyldi svo vera til 3ja mánaða. Tíminn þessa 3 mánuði yrði notaður til þess að óska endurskoðunar hjá stjórn Úrvinnslusjóðs og til að aðilar skoðuðu sín mál.

Starfsmenn SORPU hafa átt fund með fulltrúum sveitarfélaganna í stjórn Úrvinnslusjóðs og var niðurstaðan sú að SORPA myndi senda stjórn sjóðsins erindi, því alveg er ljóst að núverandi fyrirkomulag tryggir ekki að SORPA fái sinn kostnað greiddan eins og kveðið er á um í lögum. Unnið er að uppfærslu á útreikningum kostnaðar og er gert ráð fyrir að senda stjórn sjóðsins erindi fyrir næsta stjórnarfund sjóðsins.

Eins og staðan er í dag eru það Efnamóttakan og Hringrás (Efnatækni) sem í dag taka við raf- og rafeindatækjaúrgangi. Þessi fyrirtæki sameinuðust síðan í tilboð til SORPU um móttöku á þessum efnum. Íslenska gámafélagið segist geta tekið við þessum úrgangi en starfsleyfi þeirra, síðustu úttektir Umhverfisstofnunar á starfsemi í Gufunesi og almennt það sem vitað er um starfsemina gefur ekki til kynna að íG geti með góðu móti tekið við nema þá hluta af þessum úrgangi. Því er augljóst að SORPA býr við verulega fákeppni þegar kemur að móttöku, vinnslu og förgun þessa úrgangs. Í ljósi þessa leggur undirritaður til að hafinn verði undirbúningur að móttöku og vinnslu þessara efna í Gufunesi og sótt verði um starfsleyfi til Umhverfisstofnunar jafnframt sem undirbúningur fyrir nýtt útboð verði klárað.

Virðingarfyllst,



Björn H. Halldórsson
framkvæmdastjóri